

REGLUGERÐ

um framkvæmd atkvæðagreiðslu vegna alvarlegs smitsjúkdóms

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja samræmda og örugga atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á sérstökum kjörstað eða dvalarstað kjósenda ef hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur á sérstökum kjörstöðum og dvalarstað kjósenda ef hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi.

II. KAFLI

Atkvæðagreiðsla vegna alvarlegs smitsjúkdóms.

3. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á sérstökum kjörstað.

Ef landskjörstjórn telur tilefni til skulu sýslumenn, hver í sínu umdæmi, í samráði við sóttvarnaryfirvöld og landskjörstjórn, skipuleggja atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á sérstökum kjörstað fyrir kjósendur sem ekki geta sótt kjörfund á kjördag, eða greitt atkvæði þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram, sökum þess að þeir eru í sóttkví eða einangrun vegna alvarlegs smitsjúkdóms.

Skal sýslumaður auglýsa hvar og hvenær slík atkvæðagreiðsla fer fram á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Slík kosning má þó ekki hefjast fyrir en 21 degi fyrir kjördag. Sýslumanni er heimilt að lengja opnunartímann frá þegar auglýstum tíma, ef aðstæður í samfélaginu eru þannig að slíkt sé nauðsynlegt að mati hans og landskjörstjórnar. Nægilegt er að auglýsa slíka breytingu á vefsíðu sýslumanna.

Kjósendur sem hafa gefið sig fram fyrir auglýstan lokunartíma sérstaks kjörstaðar eiga rétt á að greiða atkvæði.

4. gr.

Framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á sérstökum kjörstað.

Í samráði við sóttvarnaryfirvöld ákveður sýslumaður hvernig sérstakur kjörstaður er útbúinn, s.s. hvort kjörstaður sé færanlegur, atkvæði greitt úr bifreiðum, kjörstaður sé undir berum himni, o.s.frv. Tryggt skal að kjósendi geti greitt atkvæði án þess að nokkur annar sjái.

Kjósendi sem er í sóttkví eða einangrun vegna alvarlegs smitsjúkdóms telst hvorki fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt né undirrita fylgibréfið og fær því aðstoð við atkvæðagreiðsluna, sbr. III. kafla.

Kjörstjóri má synja kjósenda um að greiða atkvæði utan kjörfundar telji sóttvarnaryfirvöld að atkvæðagreiðslu verði ekki við komið án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða annarra í hættu. Sú ákvörðun kjörstjóra er endanleg.

5. gr.

Atkvæðagreiðsla á dvalarstað.

Kjósenda sem getur hvorki sótt kjörfund á kjördag né sérstakan kjörstað, sökum þess að hann er í einangrun eða sóttkví vegna alvarlegs smitsjúkdóms, er heimilt að greiða atkvæði þar sem hann dvelst. Beiðni þar um skal berast hlutaðeigandi sýslumanni, eigi síðar en kl. 10 á kjördag, ásamt staðfestingu heilbrigðisyfirvalda á að viðkomandi sé í einangrun eða sóttkví á kjördag. Kjósendi í sóttkví skal jafnframt gera grein fyrir því hvers vegna hann getur ekki greitt atkvæði á sérstökum kjörstað skv. 3. gr.

Þegar kjósendi er ekki á kjörskrá í umdæmi kjörstjóra skal kjörstjóri leitast við að halda atkvæðagreiðsluna nægjanlega snemma svo hægt sé að koma atkvæði til skila fyrir lok kjörfundar.

Synja má kjósenda um að greiða atkvæði á dvalarstað telji sóttvarnaryfirvöld að atkvæðagreiðslu verði ekki við komið án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða annarra í hættu. Sú ákvörðun kjörstjóra er endanleg.

III. KAFLI

Aðstoð við atkvæðagreiðslu.

6. gr.

Skilyrði fyrir því að aðstoð sé veitt.

Kjósandi sem er í sóttkví eða einangrun vegna alvarlegs smitsjúkdóms telst hvorki fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt né undirrita fylgibréfið. Skal hann annað hvort njóta aðstoðar kjörstjóra eða aðstoðarmanns, sbr. 74. gr. kosningalaga og reglugerðar um aðstoð við atkvæðagreiðslu. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði.

7. gr.

Aðstoða veitt af kjörstjóra.

Njóti kjósandi aðstoðar kjörstjóra skal hann upplýsa kjörstjóra um hvernig hann vill greiða atkvæði, til að mynda með því að sýna kjörstjóra blað með listabókstaf framboðs eða á annan hátt sem kjörstjóri telur öruggan og nægilega skýran. Geti kjósandi ekki skýrt kjörstjóra frá því hvernig hann vill greiða atkvæði skal kjörstjóri synja kjósenda um aðstoð við atkvæðagreiðsluna. Ákvörðun kjörstjóra er endanleg.

8. gr.

Aðstoð veitt af aðstoðarmanni kjósenda.

Kjósandi á rétt á aðstoð einstaklings sem fylgir kjósenda á sérstakan kjörstað eða er með honum á dvalarstað, fari atkvæðagreiðslan fram þar. Auk kjósendans getur aðstoðarmaður kjósenda tjáð kjörstjóra að kjósendinn óski eftir aðstoð aðstoðarmannsins við atkvæðagreiðsluna.

Sé aðstoðarmaðurinn einnig í sóttkví eða einangrun skal kjörstjóri aðstoða hann við framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Aðstoðarmaður kjósenda skal fara í einu og öllu eftir tilmælum kjörstjóra, s.s. vegna sóttvarna.

9. gr.

Bókun um aðstoð.

Sé aðstoð veitt við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal kjörstjóri rita á fylgibréf að aðstoð hafi verið veitt af kjörstjóra eða aðstoðarmanni og skal þá jafnframt skráð í kjörskrá eða í sérstaka skrá kjörstjóra samkvæmt 77. gr. kosningalaga að kjósandi hafi notið aðstoðar kjörstjóra eða aðstoðarmanns, eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Gildistaka o.fl.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. 7. mgr. 69. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi.